



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárpings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella**

Selfossi, 25. október 2024
2409048HS SHJ

Efni: Hallstún L165088, breyting á landnotkun, nr. 11102/2024 - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags

Þann 12. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárpings ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og gerðar nýs deiliskipulags fyrir Hallstún í Rangárpings ytra.

Svæðið sem skipulagsbreytingin nær til er samtals um 35 ha að stærð en fyrirhugað er að sameina Hallstún (L165088), Hallstún land (L203602) og Hallstún land (L203908) í eina jörð og byggja þar upp til fastrar búsetu þar sem stundaður verður landbúnaður og atvinna tengd hestamennsku. Jafnframt er gert ráð fyrir að fella út skilgreinda frístundabyggð F72 þannig að allt skipulagssvæðið verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Á svæðinu eru fjögur frístundahús, íbúðarhús og skemma. Gert er ráð fyrir að hluti núverandi bygginga verði breytt í íbúðarhús. Á landi í ábúð er heimilt þar sem aðstæður leyfa að hafa sérhæfðar byggingar fyrir atvinnustarfsemi sem tengist ekki landbúnaði, s.s. smáidnað, smiðju, verkstæði, gistiheimili, gestahús, verslun og/eða veitingarekstur, svo fremi sem samanlögð stærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.500 m². Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en unnið verður að deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi